

Mál nr. 129/2025

Nafn málskotsaðila (M).

Nafn varnaraðila: (V1) og (V2).

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Sakarskipting.

Gögn.

1. Málskot móttakið 4. apríl 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1, dags. 14. apríl 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf V2, dags. 21. maí 2025, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi skýrslu frá fyrirtækinu Aðstoð & öryggi, varð árekstur á hringtorgi á Vesturlandsvegi við Þingvallaveg hinn 13. mars 2025 milli bifreiðanna A, sem er í eigu M, og B. Báðum bifreiðunum var ekið Vesturlandsveg til suðurs að hringtorginu og var A ekið á vinstri akrein og B á hægri akrein. Þegar komið var inn í hringtorgið var A ekið á innri hring og beygt út af hringtorginu við fyrstu útkeyrslu áfram inn á Vesturlandsvegi áfram til suðurs. Bifreiðinni B var ekið á ytri hring með fyrirhugaða beygju inn á Þingvallaveg til austurs, við aðra útkeyrslu úr hringtorginu. Þegar A beygði til hægri út úr innri hring hringtorgsins, var B ekið á afturhorn bifreiðarinnar. Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir tjónanefnd vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að ökumaður A beri helming sakar fyrir að aka út úr innri hring hringtorgsins á fyrstu gatnamótum og ökumaður B helming sakar fyrir að veita ekki umferð úr innri hring forgang.

M, sem var ökumaður A, er ósátt við þessa sakarskiptingu og telur að ökumaður B hefði getað komið í veg fyrir árekstur með því að fylgjast betur með. Bifreið hennar hafi verið komin hálf út úr hringtorginu er árekstur varð og hafi ökumaður B getað komið í veg fyrir árekstur með því að hægja á sér á hringtorginu.

V1 og V2 eru sammála niðurstöðu tjónanefndar og telja rétt að skipta sök til helminga.

Álit.

Í 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar segir að ef tjón hlýst af árekstri ökutækja skiptist tjónið á þau í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum. Við mat á sök ökumanna er litið til háttarnisreglna umferðarlaga nr. 77/2019. Í 2. málslíð 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga segir að í hringtorgi sem skipt er í tvær akreinar skuli ökumaður velja hægri akrein, ytri hring, ætli hann að aka út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum. Enn fremur segir í 3. málslíð sömu málsgreinar að ökumaður á ytri hring skuli veita þeim sem ekur á innri hring forgang út úr torginu. Þar sem ökumaður A ætlaði út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum eftir að hann ók inn í hringtorgið bar honum að aka á hægri akrein, ytri hring, um hringtorgið. Þessa gætti ökumaður A ekki. Hins vegar bar ökumanni B að víkja fyrir umferð úr innri hring er hann ók fram hjá fyrstu gatnamótunum, sbr. 3. málslíð sömu málsgreinar. Verður ráðið af gögnum málsins að ökumaður B hafi ekki gætt nægilega að þessum áskilnaði umrætt sinn. Meta verður sök ökumanna með hliðsjón af framangreindum lagaákvæðum og aðstæðum öllum og skiptist sök þannig að ökumaður A ber 1/2 hluta sakar og ökumaður B ber 1/2 hluta sakar á umræddum árekstri.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðarinnar A ber 1/2 hluta sakar og ökumaður B ber 1/2 hluta sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 16. september 2025.

rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir